

Fjármálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Tekju- og lagaskrifstofa/TNM
Dagsetning: 9. desember 1998
Málsnúmer: 98120063
Bréfalykill: 11-4-2

Efni:

Lagt er til að eftirfarandi tillögur verði lagðar fyrir efnahags- og viðskiptanefnd:

Lagt er til að við 3. tl. 9. gr. frv. bætist svohljóðandi stafliður:

Vélsleðar í eigu fyrirtækja í ferðaþjónustu, sem eingöngu eru ætlaðir til útleigu til ferðamanna eða flutnings á þeim. Nánari ákvæði um það hvaða teljist fyrirtæki í ferðaþjónustu skulu sett í reglugerð.

Skýringar

Með bréfi dags. 9. maí 1994 heimilaði ráðherra lækkun vörugjalda af vélsleðum í eigu fyrirtækja í ferðaþjónustu, sem eingöngu eru ætlaðir til útleigu til ferðamanna eða flutnings á þeim, úr 70% í 30%. Það var sett að skilyrði að Ferðamálaráð staðfesti að viðkomandi aðili ræki fyrirtæki í ferðaþjónustu. Einnig var mælt fyrir um endurgreiðslu eftirgefins vörugjalds ef vélsleðarnir yrðu seldir til annarra nota innan þriggja ára frá skráningu þeirra og að aðili skyldi undirrita yfirlýsingu um að vélsleðarnir yrðu eingöngu notaðir til ferðaþjónustu. Með hliðsjón af 77. gr. stjórnarskrárinnar er rétt að slík undanþága sé í lögum.

Gert er ráð fyrir að framangreind skilyrði fyrir undanþágu gildi áfram en að þau verði sett í reglugerð að því marki sem þau koma ekki fram í lögnum.

Ósk hefur komið fram um að sömu reglur gildi um mótörhjól til nota í ferðaþjónustu. Þau rök hafa m.a. verið færð fram að þau séu einnig notuð til þjónustu við ferðamenn.

Almennt séð er óheppilegt að lækka eða fella niður vörugjald af ökutækum, á grundvelli notkunar, sem erfitt eða ómögulegt er að fylgjast með. Því er lagt til að ekki verði orðið við framangreindri ósk um lækkun vörugjalds af mótörhjólum til nota í ferðaþjónustu.

Einnig er lagt til að við 4. tl. 9. gr. frv. bætist ný mgr. sem orðist svo:

Gjaldið skal lækka, frá 1. janúar 2000 í samræmi við eftirfarandi töflu:

Sprengirými aflvélar			
Flokkur	Bensínvélar	Díselvélar	Gjald í %
I	0-1.600	0-2.100	10
II	1.601-2.500	2.101-3.000	12
III	yfir 2.501	yfir 3.000	17

Skýringar: Lækkunin er til samræmis við boðaða lækkun vörugjalda af hópferðabifreiðum, sbr. 2. tl. 9. gr. frv.

Thomas N. P. H.